

Sterk staða og góð afkoma hjá Landsneti

Árshlutareikningur Landsnets fyrir janúar – júní 2018 var lagður fram í dag. Afkoma fyrirtækisins er samkvæmt áætlunum.

Guðlaug Sigurðardóttir fjármálastjóri:

„Það er ánægjulegt að sjá að niðurstöður árshlutareikningsins skila okkur góðri rekstarafkomu og sterkri eiginfjárstöðu. Endurfjármögnun félagsins, sem hófst fyrir tveimur árum, er að skila þessum árangri. Framkvæmdakostnaður ársins stefnir í að verða nokkuð lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir en tafir meðal annars á leyfisveitingum valda því að stór verkefni eru að teyfjast.“

Á síðustu árum hefur verið unnið í endurfjármögnun félagsins sem hefur skilað sér í stöðugra rekstrarumhverfi og minni áhrifum vegna gengishreyfinga. Sú þróun er mjög jákvæð þar sem árin þar á undan einkenndust af miklum gengissveiflum vegna breytinga á íslensku krónunni. Í mars var gengið frá láni við Norræna fjárfestingarbankann vegna fjármögnunar á framkvæmdum meðal annars framkvæmd á norðausturlandi vegna tengingar nýrrar virkjunar og atvinnusvæðis á Bakka við Húsavík. Kostnaður við framkvæmdir ársins stefnir í að verða nokkuð lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir en tafir á leyfisveitingum valda því að stór verkefni eru að teyfjast.

Helstu atriði árshlutareiknings

- Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT) nam 29,2 m. USD (3.110,0 millj.kr) samanborið við 29,1 m. USD (3.100,0 millj.kr) árið áður og er daglegur rekstur félagsins stöðugur. Hagnaður Landsnets hf. samkvæmt rekstrarreikningi nam 16,2 m. USD (1.727,2 millj.kr) fyrstu 6 mánuði ársins 2018 samanborið við 10,5 m. USD (1.121,9 millj.kr) á sama tímabili árið 2017.
- Heildareignir félagsins í lok tímabilsins námu 853,3 m. USD (90.792,1 millj.kr) samanborið við 851,3 m. USD (90.578,5 millj.kr) í lok árs 2017. Heildarskuldir námu í lok tímabilsins 503,3 m. USD (53.548,7 millj.kr) samanborið við 514,3 m. USD (54.725,6 millj.kr) í lok árs 2017.
- Eiginfjárhlutfall í lok tímabilsins var 41,0% samanborið við 39,6% í lok ársins 2017. Eigið fé í lok tímabilsins nam 350,0 m. USD (37.243,4 millj.kr) samanborið við 337,0 m. USD (35.853,0 millj.kr) í lok árs 2017.
- Lausafjárstaða Landsnets er sterk, handbært fé í lok júní nam 47,8 m. USD (5.080,7 millj.kr) og handbært fé frá rekstri á tímabilinu nam 36,9 m. USD (3.925,7 millj. kr).

Hér er hægt að nálgast árshlutareikninginn: www.landsnet.is

Frekari upplýsingar veitir:

Guðlaug Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri fjármála, sími 563 9311 eða netfang guðlaugs@landsnet.is

Helstu niðurstöður rekstrarreiknings, lykiltölur efnahagsreiknings og kennitölur (fjárhæðir eru í þúsundum bandaríkjadala):

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	1.1.-30.6.2018	1.1.-30.6.2017	1.1.-30.6.2016	1.1.-30.6.2015
Rekstrarreikningur				
Rekstrartekjur	76.742	71.504	65.350	60.997
Rekstrargjöld	(47.513)	(42.369)	(37.740)	(32.423)
Rekstrarhagnaður	29.229	29.135	27.610	28.574
Hrein fjármagnsgjöld	(9.104)	(16.037)	(31.064)	(13.949)
Áhrif hlutdeildarfélags	67	66	119	81
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	20.192	13.164	(3.335)	14.706
Tekjuskattur	(3.959)	(2.620)	691	(2.925)
Hagnaður (tap)	16.233	10.544	(2.644)	11.781

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	30.6.2018	31.12.2017	31.12.2016	31.12.2015
Efnahagsreikningur				
Fastafjármunir	781.865	777.214	735.376	709.797
Veltufjármunir	71.444	74.088	35.441	84.813
Eignir samtals	853.309	851.302	770.817	794.610
Eigið fé	350.032	336.964	308.411	323.756
Langtímaskuldir	458.779	472.685	425.762	435.873
Skammtímaskuldir	44.498	41.653	36.644	34.981
Eigið fé og skuldir samtals	853.309	851.302	770.817	794.610

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	1.1.-30.6.2018	1.1.-30.6.2017	1.1.-30.6.2016	1.1.-30.6.2015
Sjóðstreymi				
Handbært fé frá rekstri	36.896	37.279	26.917	24.705
Fjárfestingahreyfingar	(20.647)	(35.506)	(15.983)	(9.345)
Fjármögnunarhreyfingar	(16.960)	35.811	(6.877)	(55.320)
Áhrif gengisbr./þýðingarmunur	(713)	733	627	(715)
Handbært fé í ársbyrjun	49.175	18.253	62.290	96.412
Handbært fé í lok tímabils	47.751	56.570	66.974	55.737

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	1.1.-30.6.2018	1.1.-30.6.2017	1.1.-30.6.2016	1.1.-30.6.2015
Helstu kennitölur				
EBITDA	43.777	42.874	41.654	39.229
Eiginfjárhlutfall	41,0%	39,6%	40,0%	40,7%